



Hreppsnefnd 26.01.2006

Hreppsnefnd 26.01.06

**Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 26. jan. 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar Aðalabjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 12. jan. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 12. jan sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A -og B hluta sjóða og stofnana fyrir árið 2006.
-Síðari umræða-

Sveitarstjóri lagði fram breytingartillögur meirihluta hreppsnefndar við frumvarp af fjárhagsáætlun A- og B hluta sjóða Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2006, en fyrri umræða fór fram 15. des. sl.

Gerði sveitarstjóri síðan grein fyrir fyrirbyggjandi breytingatillögum og hvaða áhrif þær hafa á rekstraryfirlit og sjóðsstreymi A- og B hluta sjóða, sem hann lagði einnig fram miðað við að breytingarnar myndu ganga eftir.

Því næst var lögð fram greinargerð með fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunum ásamt breytingartillögum og gerði sveitarstjóri grein fyrir helstu atriðum hennar.

Að svo búnu lagði hann til að fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun að viðbættum fyrirbyggjandi breytingatillögum yrði samþykkt.

Í greinargerðinni kom m.a. fram að:

Við síðari umræðu fjárhagsáætlunar kemur fram í rekstraryfirliti sveitarsjóðs, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi breytingatillagna, að heildartekjur aðalsjóðs eru 306.5 m.kr. og heildargjöld 303.8 m.kr. Laun eru alls áætluð 166.7 m.kr. Almenn rekstrar- og fjármagnsgjöld nettó 137,1 m.kr. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti meðtalin. Rekstrarafgangur aðalsjóðs miðað við þetta er því 2,8 m.kr. Séu innri viðskipti tekin út er rekstrarafgangur aðalsjóðs 17,4 m.kr.

Í eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði, svo sem grunnskóla, leikskóla, íþróttahúss, ráðhúss og annarra eigna sem síðan eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekinn með 4,4 m.kr. - tapi þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 12,3 m.kr. og 15,0 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast á í á árinu.

Í tengslum við þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar, þ. e. laun, almenn rekstrargjöld ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en leitast er við að selja vinnu hennar að mestu út. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp

í samræmi við verðlagspróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er þó 3,3 m.kr. halli á miðstöðinni þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

Samkvæmt þessu er halli A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 6,0 m. kr.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmisra grasa, en þeir eru hafnarsjóður, vatnsveita leiguíbúðir almennar og félagslegar, fráveita, félagsheimili, apótek, Arnarvatn og Skiphólmi.

Langstærstur þessara sjóða er hafnarsjóður og er hann áætlaður með 17,2 m.kr. hagnaði, enda gert ráð fyri verulega auknum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2006. Mikið fagnaðarefni er sú mikla aukning umsvifa sem séð hefur dagsins ljós á árinu 2005 og ráðgert er að birtist á árinu 2006 eftir hinar viðamiklu aðgerðir sem ráðist var í til að byggja upp gott atvinnufyrirtæki undir merkjum HB Granda á Vopnafirði.

Í þessum efnum hefur Vopnafjarðarhreppur gengið fram með öflugum hætti. Áfram er haldið í framkvæmdum og er ráðgert að á árinu verði lokið við niðurrekstur á stálþili og landfyllingar innan við það á nýrri viðlegu milli nýju Löndunarbyggjunnar og Miðbyggju. Hin nýja viðlega er 108 metrar og tengist Löndunarbyggjunni sem er 80 m, alls verður því samfelld viðlega tæpir 190 m. Með þessu móti eykst til muna athafnarými við höfnina og einnig skapast möguleikar til uppbyggingar á hafnsækinni starfsemi á hafnarsvæðinu.

Fyrirhugað er að vinna að styrkingu vatnsveitu en á mörkunum er að hún geti sinnt skyldum sínum þegar illa árar hvað vatnsbúskap snertir. Áfram á að halda í viðhaldi leiguíbúða og fleiri mannvirkja. Af Skiphólma hlýst töluverður fjármagnskostnaður enda þótt tekist hafi að afla ódýrari lána til að greiða upp óhagstæð lán sem Byggðastofnun hafði veitt Skiphólma. Í heild eru áætlað að allir sjóðir í A- og B hluta verði samtals með 1,4 m.kr halla.

Þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og birgðabreytinga er ráðgert að handbært fé frá rekstri verði samtals í A- og B hluta 29,5 m.kr.

Í sjóðsstreymi A- og B hluta kemur fram að handbært fé frá rekstri er áætlað 29,5 m.kr. Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 70,3 m.kr. nettó. Brúttó gerir áætlunin ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 172,9 m.kr. Á móti er ráðgert að að framkvæmdir þessar séu fjármagnaðar með framlögum og sölu eigna að fjárhæð 145,6 m.kr.

Framlög þessi og sala seljanlegra eigna sveitarfélagsins dugar því ríflega fyrir öllum þessum framkvæmdum. Í fjármögnunarhreyfingum er ráðgert að greiða niður lán um 90 m.kr., en á móti eru tekin ný lán að fjárhæð 88,6 m.kr. Áætlunin gerir því ráð fyrir því að engin lán séu tekin til þess að standa undir rekstri og öllum hinum viðamiklu framkvæmdum sem ráðast á í. Veltufé frá rekstri og seldar eignir brúa þann kostnað fyllilega og gott betur.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé hækki um 758 þús. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2006.

Miklar umræður urðu síðan um fyrirliggjandi áætlanir og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum fundarmanna.

Fyrirliggjandi áætlanir ásamt breytingatillögum voru síðan bornar undir atkvæði og voru samþykktar með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Fulltrúar minnihlutans Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson lögðu síðan fram eftirfarandi bókun:

“Því er harðlega mótmælt að í afgreiðslu fjárhagsáætlunar taki þátt maður sem fluttur er frá Vopnafirði. Slíkt getur ekki talist annað en lítilsvirðing við fulltrúa og varafulltrúa í sveitarstjórn. Samkvæmt lögum eiga íbúar þessa lands að flytja lögheimili sitt miðað við búsetu 01. desember ár hvert”.

3. mál. Bréf Fljótsdalshéraðs frá 13. jan sl., varðandi samvinnuverkefni.

Lagt fram bréf Fljótshéraðs frá 13. jan. sl., þar sem óskað er viðræðna varðandi samvinnuverkefni á sviði brunavarna, félags- og skólamála o. fl.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að leiða viðræður þessar og taka með sér aðra þá er þurfa þykir í hverju tilviki.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

4. mál. Fundargerð sjónar Brunavarna Norðaustursvæðis frá 5. jan. sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar brunavarna Norðursvæðis frá 5. jan. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir fundargerðinni og lagði síðan til að sér yrði falið ásamt slökkviliðsstjóra að semja um framhaldssamning, verði það niðurstaða hinna sveitarfélaganna að halda áfram í samstarfinu. Í þessu sambandi þarf þó að taka mið af viðræðum yfir til Fljótshéraðs.

Líflegar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en eftirfarandi samþykkt samhljóða:

“Sveitarstjórn samþykkir að taka afstöðu til málsins þegar fyrirliggur afstaða hinna sveitarfélaganna varðandi núverandi samstarf.”

5. mál. Drög að nýrri samþykkt um gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöld, stofngjald holræsa og vatnsveitu og þjónustugjalda hjá Vopnafjarðarhreppi.

-Síðari umræða-

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi samþykktum og lagði til að sér yrði falið að ganga frá fyrirliggjandi drögum að samþykktum og koma þeim til samþykktar með lögformlegum hætti. Samþykkt samhljóða.

6. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf dags. 10. jan. sl. frá Bræðrum og Systurum ehf., varðandi Hótel Tanga.

Bréf Bræðra og Systra ehf. frá 10. jan. sl., lagt fram til kynningar.

b) Bréf UST dags. 5. jan. sl., varðandi gerð svæðisáætlana sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.

Bréf UST frá 5. jan. sl., lagt fram til kynningar.

c) Bréf Fráveitunefndar varðandi styrk til fráveituframkvæmda lagt fram til kynningar.

d) Áfangaskýrsla um möguleika uppsetningar á háhraðatengingum í Vopnafirði, dreifbýli.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45.